

Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skaftfellingafélagið halda áfram sameiginlegum spilakvöldum í vetur eins og undanfarin ár. Spiluð verður framsóknarvist í Skaftfellingabúð eftirtalin **fimmtudagskvöld** kl. 20:00.

Fyrir áramót:
26. okt. – 9. nóv. – 23. nóv. 2006.

Aðgangseyrir kr. 700.
Innifalið kaffi og meðlæti.

Myndakvöld

Fimmtudaginn 16. nóvember verður fyrra myndakvöld vetrarins í Skaftfellingabúð og hefst kl. 20:00.

Þar sýna Gyða Siggeirsdóttir og Broddi Hilmarsson myndir úr sumargöngum Skálmar frá upphafi (2002-2006).

Aðgangur ókeypis.
Seldar verða léttar veitingar.

Stjórn félagsins 2006 – 2007

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	844 3314
Ingibjörg Ingimundardóttir	478 1570	862 3433
Varastjórn		
Guðrún B Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177
Rafn Stefánsson	568 3623	

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087.
Netfang félagsins er: skaftfellingar@simnet.is



Njóttu haustsins á Hótel Klaustri
Nú á haustmánuðum eru framundan heljarins matarveislur af ýmsum toga á Icelandairhotel Klaustri þar sem matreiðslumaðurinn Sigurður Daði fer létt með að töfra fram hvern réttinn á fætur öðrum.

Villibráðarhlaðborð

Laugardagskvöldin 4. nóvember, 11. nóvember og 18. nóvember verðum við með okkar margrómuðu villibráðarhlaðborð þar sem hlaðborðið svignar undan kræsingunum sem eru m.a.:

Gæsapaté, hreindýrapaté, reykt bleikja, grafinn sjóbirtingur, kofareyktur sjóbirtingur, grafinn gæs, gæsaconfit, villibráðarpottreittur, villibráðarsúpa, áll, saltfiskréttir, rammvillt lamb, gæs, önd, hreindýr og fleira og fleira.
Hrikalega góðir eftirréttir fylgja með
Verð pr. mann með dansleik er kr. 5.900.

Jólahlaðborð

Laugardagskvöldin 25. nóvember og 2. desember verðum við með jólahlaðborð á „rólegum og rjómantískum nótum“ með úrvali af girnilegum réttum s.s. Síld og síldarsalöt, reykt bleikja, grafinn sjóbirtingur, kofareyktur sjóbirtingur, hangikjöt, hamborgarahryggur, purusteik, laufabrauð, jafningur, eplasalát, ris a la mande, creme brule, eplakaka og fleira nammi namm svo fátt eitt sé nefnt.
Verð pr. mann er kr. 5.300.

Á Hótel Klaustri tökum við vel á móti þér hvort sem þú ert að koma með hóp á árshátíð, gleðjast með starfsfélögum, saumaklúbbnum eða vinahópnum, halda upp á afmælið þitt eða láta dekra við þig og þína í mat og drukk.

Gerum tilboð í hópa – og svo verða sérkjör á gistingu ofangreindar helgar í tengslum við þessar veislur.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.
Starfsfólk Icelandairhotel Klaustri
Sími 487 – 4900.

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

3. tbl. október 2006

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Frá stjórn**
Skaftfellingafélagsins

• **Myndakvöld**
í Skaftfellingabúð
fimmtudag kl. 20:00
16. nóvember 2006

• **Spilakvöld**
í Skaftfellingabúð
fimmtudaga kl. 20:00
26. október 2006
9. nóvember 2006
23. nóvember 2006

• **Söngfélagið**
í Skaftfellingabúð
Söngæfingar öll
mánudagskvöld kl. 20

• **Sumarskálm 2006**
Guðrún Arnarsdóttir

• **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Fýlaveisla

Okkar allsendis ómissandi fýlaveisla verður haldin í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag **laugardaginn 21. október 2006** og hefst með borðhaldi kl. 20:00. Húsið opið frá kl. 19:00.

Mýrdælingar hafa til fjölda ára rotað fýlsunga sér til matar og saltað í kút til vetrarins. Skaftfellingafélagið hefur staðið fyrir fýlaveislum í rúm tuttugu ár og hyggst halda því áfram.

Eins og tíðkast hefur til fjölda ára er fyllinn veiddur og verkaður í Presthúsum og rófurarnar upprættar úr frjósömum jarðvegi Þórisholts. Auk þess verður boðið upp á hangikjöt og annað meðlæti.

Ljúfum höndum um lostætið fer Inga Jóna Sigfúsdóttir.

Hljómsveitin Vírus leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu. Miðaverð kr. 4.000
Miðaverð eftir mat kr. 1.000.

Skráning í síðasta lagi 19. október hjá:

Guðrúnu Arnarsdóttur (897 6382)
Hákoni J. Kristmundssyni (821 2115)
Skúla Oddssyni (864 3415)

Flügger litir

Stórhöfða 44 – 110 Reykjavík – sími 567 4400

Söngfélag var stofnað 1973 og hefur starfað óslitið síðan. Stjórnandi kórsins til fjölda ára er Violeta Smid.

Æfingar hófust fyrr en vanalega, nú í byrjun september þar sem farið verður í söngferðalag að Kirkjubæjarklaustri nú í lok október. Kórinn mun syngja í félagsheimilinu Kirkjuhvoli föstudagskvöldið 27. október, kl. 21. Einsöngvari er Sigurður Þengillsson og undirleikari Pavel Manásek.

Laugardaginn 28. október heimsækir kórinn Þórbergssetur að Hala og syngur þar fyrir gesti og gangandi kl. 15.

Nýir félagar eru ávallt velkomnir og gaman væri að sjá fleiri ný andlit. Komið í heimsókn á æfingar kórsins sem eru á mánudagskvöldum frá 20-22 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Í nóvember hefjast æfingar á nýrri efnisskrá sem æfð verður fyrir vortónleikana.

Stjórn Söngfélagsins:

Sigurlína Kristjánsdóttir	s. 862 6789
Hákon J. Kristmundsson	s. 821 2115
Kjartan Kjartansson	s. 894 9488
Svandís Kristiansen	s. 897 0956
Þóra G. Ingimarsdóttir	s. 898 2427

Frá stjórn Skaftfellingafélagsins

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi var boðað til félagsfundar þann 9. febrúar 2006 þar sem borið var undir félagsmenn hvort ráðast ætti í kostaðarsamar viðgerðir utanhúss og innan eða selja eignina. Eignin var seld í framhaldinu. Ekkert hentugt húsnæði hefur fundist enn sem komið er. Hins vegar bauðst félaginu að leigja húsnæðið til vors 2007.

Föstum liðum í félagsstarfinu verður fram haldið með svipuðu sniði og áður og Inga Jóna Sigfúsdóttir sér áfram um útleigu á sal.

Nú eru hafnar endurbætur á húsinu, búið að skipta um glugga á austurhlíð og verið að klæða hana með álklaðningu.

I HÖNNUN

Skálmað verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)
og **á miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.
Nú er um að gera að slást í þennan síkátá hóp og taka þátt í ýmsum uppákomum sem því fylgir, þ.á.m. Sumarskálminu. Nánari uppl. í sínum 891 7354 & 897 6382

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 14.10: Heiðmörk – Furulundur
- 18.10: Víkingsheimili
- 21.10: Úlfarsfell v/skógrækt
- 25.10: Víkingsheimili
- 28.10: Grafarvogskirkja
- 1.11: Víkingsheimili
- 4.11: Hvaleyrarvatn
- 8.11: Víkingsheimili
- 11.11: Heiðmörk – Furulundur
- 15.11: Víkingsheimili
- 18.11: Úlfarsfell v/skógrækt
- 22.11: Víkingsheimili
- 25.11: Hvaleyrarvatn
- 29.11: Víkingsheimili
- 2.12: Miðbær – Hallgrímskirkja kl. 17
- 6.12: Víkingsheimili
- 9.12: Grafarvogskirkja
- 13.12: Miðbær Rvk. – stytta Ingólfs
- 16.12: Heiðmörk – Furulundur
- 20.12: Hafnarfjörður – Fjörukraín

Skálmum án afláts !

Skálmahópurinn var enn á ferðinni nú í sumar og fyrir valinu varð gönguleiðin um Fögurkjöll, Sveinstind, Skælinga, Hólaskjól og Skaftárdal. Ákveðið var að gista í Hólaskjól aðfaranótt fyrsta göngudags, því árla morguns þann 12. júlí héldu 14 skálmara af stað með jeppum inn fyrir Langasjó. Þaðan var gengið suðvestur Fögurkjöll, um 30 km leið austan Langasjávar. Þrátt fyrir mikið rok og sandblástur með köflum, en sólríkan fyrsta dag, ákváðu nokkrir að klífa Sveinstind, en



Gyða, Gunna, Bjarney, Eiríkur, Ása, Steinunn, Ingólfur, Siggel Jóna, Broddi, Margrét, Lauga, Guðný og Magga

Ljós. frá Gyðu Siggeirsdóttur

aðrir hugðust leita kofans. Síðasti spölurinn virðist alltaf vera óendanlega langur og héldu menn að kofinn hefði ef til vill færst úr stað. En auðvitað komust allir göngugarpar í húsaskjól seint að kveldi margir sárfættir með vöðvaeymsl.

Annar dagur rann upp bjartur og fagur og var göngufólk frekar rólegt í tíðinni. Ekki dugði að slóra og var haldið af stað meðfram Skaftá, um Hvanngil og ægífagurt gljúfur vestan Uxatinda sem þakið var kynjamyndum. Þegar upp úr gljúfrinu kom byrjaði að dropa á annars fáklædda Skálmara svo bregðast varð við og tína fram regnfötin. Aldrei rigndi afgerandi mikið þennan eftirmiðdag, þó glöddust menn sem fyrr þegar styttist í gangnamannakofann, nú við Stóragil á Skælingum.

Að morgni þriðja dags rigndi svo að segja í fyrsta skiptið frá upphafi Sumarskálms. Þar sem skyggni var lélegt var ákveðið að ganga rakleiðis í Hólaskjól. Eftir hressilega fjögurra tíma göngu í rigningunni, komst blautur,

en þó eldhress hópur Skálmara, í var og heitt kakó í Hólaskjól. Þegar þangað var komið ákváðu flestir úr hópnum að halda heim og töldu nóg komið. Þeir fimm sem eftir voru gáfu sér góðan tíma til að hvílast, reyna að þurrka göngufötin og hafa gaman. Fyrirhuguð var ganga í Skaftárdal næsta dag.

Síðasti göngudagurinn rann upp og var tekin ákvörðun um að leggja í hann þrátt fyrir skúraleiðingar í augsyn. Gengið var um Tólfahringa, en þegar komið var fram undir Hrafna tóku þó nokkrar rollur á rás. Sáum vænsta kostinn að læðast um til að stýggja ekki frekar og sprettharðir karlmenn sendir fyrir hópinn því óæskilegt þótti að réttir hæfust svo snemma. Áfram var haldið með Hröfnum fram að eyðibýlinu Svartanúpi, þar standa enn mjög heillegar tóftir, en því búi var brugðið 1918.



Við Langasjó. Eyjan Ást í Fagrafirði

Ljós. Gyða Siggeirsdóttir

Áfram var haldið meðfram Skaftá að Skaftárdal þar sem afnot bauðst af „óðali“ Eiríks Jónssonar sem var með í för. Á móti okkur tók „búkonan“ Halla Bjarnadóttir með vel útilátum og góðum grillmat, meðlæti og miði. Eftir grín, gleði og gaman og ekki síst góðan svefn, héldu þeir fimm sem luku göngu til síns heima sælir og endurnærðir.

Ætlum svo að skálma í allan vetur og verða spræk að ári þegar haldið verður í sjötta Sumarskálmið.

Guðrún Arnarsdóttir